

Flæði non-Covid sjúklinga

Samantekt vinnuhóps: Arnór Víkingsson, Hildur Pálsdóttir, Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir

Vinnuhópur tók **nústöðuna**, m.a.

- Fjölða bráðainnlagna frá bráðamóttöku fyrir Covid – Meðaltal 24 / Miðgildi 23
- Dreifingu innlagnarsjúklinga frá bráðamóttöku
 - Bráðadeildir í Fossvogi – tæplega 12 innlagnir / dag
 - Bráðadeildir á Hringbraut – tæplega 9 innlagnir á dag
- Fjöldi sjúklinga í bið á bráðalegudeildum
 - 24 sjúklingar í bið eftir öldrunarendurhæfing
 - 6 sjúklingar með færni- og heilsumat í bið eftir hjúkrunarrými
- Þegar faraldurinn var á uppleið minnkaði verulega aðsókn að bráðamóttöku vegna annarra vandamála en Covid-19, þó innlagnir reyndust nálægt meðaltali.

Aðgerðir

- Leitað var til stjórnendateyma allra non-Covid bráðalegudeilda, sérstaklega á Hringbraut og óskað eftir vali þeirra á sjúklingum utan þeirra kjörsviðs sem þau treystu sér til að taka við. Val þeirra miðaðist að því að gæði þjónustu við non-Covid sjúklinga utan kjördeildar væru eins góð og kostur væri. Ekki var gefinn kostur á því að neita að taka við sjúklingum utan kjördeildar.
- Forgangsröðun á flutningi sjúklinga í bið af covid deildum (innlagnarstjóri).
- Yfirlit yfir innlagnir utan kjördeilda sett upp og sent á innlagnarstjóra.
- Könnuðum hvort hægt væri að koma á tilvísana- og ráðgjafamiðstöð til að færa aðkallandi þjónustu frá bráðamóttöku á dagdeildir. Reyndist of umfangsmikið.
- Þjónusta dagdeildar lyflækninga á B7 var aukin og boðið upp á þjónustu fyrir skjólstæðinga með aðkallandi læknisfræðileg vandamál sem væru of umfangsmikil til að að hægt væri með góðu móti að sinna þeim innan heilsugæslunnar en þyrftu samt ekki mat á bráðamóttöku. Þessu var komið á rétt fyrir páska. Upplýsingar á vefsíðu spítalans voru uppfærðar og bréf / tilkynning send til allra heilsugæslustöðva og sérfræðilækna á Landspítala. Starfsemin fór fram á Hringbraut meðan á faraldrinum stóð.
- Samantekt á aðkallandi þjónustu dagdeildar 8. – 30. apríl – 13 virkir dagar.
 - 56 komur vegna mats og meðferðarferlis
 - 34 fjarviðtöl vegna meðferðarbeiðna
 - 90 sjúklingar í þjónustunni eða um 7 á dag
 - Nokkrar komur tengdust bráðamóttöku þannig að sjúklingur kom á bráðamóttöku, fór heim og kom í eftirfylgd á dagdeildina
 - Einnig dæmi um samstarf við göngudeild öldrunar þar sem aldrafur, hrumur einstaklingur fékk uppvinnslu og meðferð á dagdeildinni (hjartagátt) og fór síðan til síns heima án innlagnar.

Mat

Almennt góð viðbrögð við beiðni okkar um val á sjúklingum. Stjórnendateymin komu oftast saman og sendu okkur fljótt svar. Ganga þurfti eftir svörum á tveim deildum.

Fengum mjög fljótt endurgjöf á innlagnir utan kjördeildar á 21A sem var brugðist við, þ.e. að leggja ekki inn mjög óstabíla sjúklinga þar sem læknamönnum á Hringbraut að næturlagi annar ekki svo landfræðilega stóru svæði.

Allar sérgreinar / sjúklingahópar komu fram í vali non-Covid deilda og þurfti því ekki aðrar aðgerðir til.

Erfiðleikar voru með að fá pláss fyrir mjög veika sjúklinga sem komu inn með covid lík einkenni. A6 var kjördeildin er átti ekki alltaf pláss. Aðrar deildir veigruðu sér við að taka þá. Enduðu sumir á B5.

Aðkallandi þjónusta dagdeildar mun án efa draga úr álagi á bráðamóttöku, fækka innlögnum, styðja við öldrunarþjónustu í heimahúsi og styttu sjúkrahúslegur.

Aukin aðkallandi þjónusta sem veitir þjónustu án innlagnar á spítalann mun auðvelda spítalanum að takast á við faraldra – covid eða aðra slíka.

Hefði mátt gera öðru vísi

Listinn / yfirlitið hefði þurft að fara fyrr til bráðamóttöku. Einnig hefði verið æskilegt að hann væri birtur á Covid vefsíðu spítalans.

Skerpa á því að sjúklingar sem leggjast inn á kvenlækningadeild þurfa að vera stabílir.

Huga þarf að rýmum fyrir sjúklinga með Covid lík einkenni (eða einkenni annars faraldurs) til að tryggja betur þjónustu við þann sjúklingahóp sem er á hvorki né.

Uppsöfnun á sjúklingum í bið á bráðalegudeilum er áhyggjuefni og mun tefja skjótar aðgerðir í næsta faraldri eða öðrum slíkum aðgerðum.